

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Fundur 19.12.2016

Mættir eru: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Arna Hjörleifsdóttir

Fundur hefst 13.00

1. Nýtt deiliskipulag og breyting aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er varðar Rangá í Köldukinn

Breyta á skipulögðu landbúnaðarsvæði í verslunar og þjónustusvæði, þar sem fyrirhugað er að reisa 10 smáhúsi á jörðinni til ferðaþjónustu. Nefndin fjallaði um málið og telur ekki ástæðu til sérstakra athugasemda annað en leggja áherslu á og að gert verði grein fyrir í deiliskipulagi hvernig fráveitumálum skuli háttað. Þannig verði fyrirséð möguleg umhverfisáhrif vegna þessarar starfssemi.

2. Ósk um umsögn vegna nýs deiliskipulags og breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit.

Þorkell Lindberg lýsir yfir vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna gagnavinnu Náttúrustofu Norðausturlands við undirbúning framkvæmdarinnar. Tók hann því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Nefndin fjallaði um málið og þau gögn sem fyrir liggja. Hún telur að öll tiltæk gögn sýni vel fram á möguleg áhrif sem Hólsvirkjun mun hafa, og auglýstar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagstillaga gefi góða heildarmynd af framkvæmdinni. Neikvæð áhrif af framkvæmdinni eru talin óveruleg á náttúrufar. Á þessu stigi gerir nefndin ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu.

3. Fundarhald á árinu 2017

Vegna nýrra Náttúruverndarlaga hefur nefndinni borist aukinn fjöldi erinda á undanförunum mánuðum. Umræður um skipurit fyrir nefndina og að hafa fastan fundatíma mánaðarlega. Miðað er við að funda síðasta mánudag hvers mánaðar nema tímarammi á innsendum erindum krefjist annars. Þorkell tekur að sér að vera í samskiptum við Héraðsnefnd er varðar skipurit nefndarinnar.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð lesin og fundi slitið kl. 14.45